

AUGLÝSING

um þingstaði.

Samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 28 1981 um breyting á lögum nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, er hér með ákveðið að þingstaðir skuli vera sem hér segir frá 1. janúar 1982 að telja:

<i>Dómsþinghár:</i>	<i>Þingstaður:</i>
1. Akranes	Skrifstofa bæjarfógeta, Akranesi
2. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur ..	Skrifstofa sýslumanns, Borgarnesi.
3. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	Skrifstofa sýslumanns, Stykkishólmi.
4. Dalasýsla	Skrifstofa sýslumanns, Búðardal.
5. Vestur-Barðastrandarsýsla	Skrifstofa sýslumanns, Patreksfirði.
6. Austur-Barðastrandarsýsla	Félagsheimilið Reykhólum.
7. Bolungarvík	Skrifstofa bæjarfógeta, Bolungarvík.
8. Ísafjörður og Ísafjarðarsýslur ..	Skrifstofa sýslumanns og bæjarfógeta, Ísafriði.
9. Strandasýsla	Skrifstofa sýslumanns, Hólmavík.
10. Vestur-Húnavatnssýsla	Lögreglustöðin Hvammstanga.
11. Austur-Húnavatnssýsla	Skrifstofa sýslumanns, Blönduósi.
12. Sauðárkrókur og Skagafjarðar- sýsla	Skrifstofa sýslumanns og bæjarfógeta Sauðárkróki
13. Siglufjörður	Skrifstofa bæjarfógeta, Siglufirði.
14. Ólafsfjörður	Skrifstofa bæjarfógeta, Ólafsfirði.
15. Akureyri, Dalvík og Eyjafjarðar- sýsla	Skrifstofa sýslumanns og bæjarfógeta, Akureyri.
16. Húsavík og Þingeyjarsýslur	Skrifstofa sýslumanns og bæjarfógeta, Húsavík.
17. Seyðisfjörður og Norður- Múlasýsla	Skrifstofa sýslumanns og bæjarfógeta, Seyðisfirði.
18. Neskaupstaður	Skrifstofa bæjarfógeta, Neskaupstað.
19. Eskifjörður og Suður- Múlasýsla	Skrifstofa sýslumanns og bæjarfógeta, Eskifirði.
20. Austur-Skaftafellssýsla	Skrifstofa sýslumanns, Höfn.
21. Vestur-Skaftafellssýsla	Skrifstofa sýslumanns, Vík.
22. Rangárvallasýsla	Skrifstofa sýslumanns, Hvolsvelli.
23. Vestmannaeyjar	Skrifstofa bæjarfógeta, Vestmannaeyjum.
24. Selfoss og Árnessýsla	Skrifstofa sýslumanns og bæjarfógeta, Selfossi.

25. Keflavík, Njarðvík og Gullbringusýsla Skrifstofa sýslumanns og bæjarfógeta, Keflavík.
26. Grindavík Umboðsskrifstofa bæjarfógeta, Grindavík.
27. Hafnarfjörður, Garðabær, Sel-tjarnarnes og Kjósarsýsla Skrifstofa sýslumanns og bæjarfógeta, Hafnarfirði.
28. Kópavogur Skrifstofa bæjarfógeta, Kópavogi.
29. Reykjavík Skrifstofur hlutaðeigandi dómaraembætta (borgardómaraembættið, sakadómaraembættið, borgarfógetaembættið), Reykjavík.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

GJALDSKRÁ

fyrir uppboðshaldara.

1. gr.

Fyrir tilkyningu til skuldara um sölubeiðni og fyrir frumvarp að uppboðskilmálum skal greiða uppboðshaldara kr. 20,00.

2. gr.

Innheimtugjald uppboðshaldara:

a. Án sölu:

Af upphæð þeirri, er uppboðshaldari innheimtir eða innheimtist fyrir hans atbeina, skal greiða 1%.

b. Við sölu:

1. Fasteignir og skip:

Af upphæð þeirri, er uppboðshaldari innheimtir eða innheimtist fyrir hans atbeina, skal kaupandi greiða 1%.

Innheimtugjald skal og greiða, þótt eign sé lögð út, sbr. 32. gr. uppboðslaga.

2. Lausafé:

Innheimtugjald frá kaupanda:

a. Með gjaldfresti 6%.

b. Við staðgreiðslu 3%.

Innheimtugjald frá seljanda 4%.

Innheimtugjald skal eigi greiða af þeim hluta uppboðsandvirðis, sem kaupandi tekur undir sjálfum sér, áfram stendur veðtryggt í eign eða kaupandi og kröfuhafi semja um greiðslu á án nokurs atbeina þess, er innheimtu annast.

Innheimtugjald skal ákveða í heilum krónum, þannig að lægri fjárhæð en 50 aurar falli niður en 50 aurar og hærra fjárhæð hækki í heila krónu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi gildir og við frjáls uppboð, ef eigi er um annað samið.